




AÐALSKIPULAG RANGÁRÞINGS YTRA 2016-2028

Breyting skipulags - stækkun námusvæðis

Ferjufit E122

04.11.2025 br. 7.4.2026

HÁKS	Húsnæði
	Mannvirki
	Skipulag
Mótt.:	28. MAÍ 2026
Málnr.	



SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárbings ytra þann 15.4.2026



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____



SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 06.10.2025 með athugasemdafresti til: 03.11.2025.

Aðalskipulagsbreytingin var kynnt frá: _____ með athugasemdafresti til: _____.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____.

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____.

AÐALSKIPULAGSBREYTING

SKJALALYKILL

11348-GRG-001-V05

HÖFUNDUR

AJJ

RÝNT

ÁJ/BRE

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	5
3	TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	5
3.1	Landsskipulagsstefna 2024-2038	5
3.2	Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028	6
3.3	Vatnaáætlun Íslands	7
3.4	Þjóðlenda	8
3.5	Fornminjar	9
4	BREYTING AÐALSKIPULAGS	10
4.1	Breyting á greinargerð	10
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	11
5.1	Valkostir og umhverfisáhrif	12
5.2	Niðurstaða	13
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	14
6.1	Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar	14
6.2	Skipulagsferli	14
6.3	Breyting að lokinni auglýsingu	14


1 INNGANGUR

Rangárþing ytra vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin nær til efnistökusvæðis E122 við Ferjufit (L238022). Svæðið stækkar í um 4 ha og heimiluð efnistaka eykst úr 10.000 m³ í allt að 120.000 m³. Breyting tekur eingöngu til greinargerðar aðalskipulags, uppdráttur er óbreyttur enda er landnotkun undir 5 ha sýnd sem hringur.

Efnistökusvæðið við Ferjufit er grjótnáma, sem hentar m.a. vel til flóðavarna og stífluviðgerða. Efni úr námunni verður nýtt til viðhalds á mannvirkjum á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu, einkum stíflum miðlunarlóna en í þær þarf sérvalið grjót af ákveðinni stærð.

Í samræmi við lög á mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 er umrædd framkvæmd háð tilkynningarskyldu skv. lið 2.02 „Efnistaka, utan þess sem tilgreint er í tölul. 2.01, þar sem áætlað er að raska 2,5 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m³ eða meira, einnig efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 2,5 ha svæði eða stærra.“ Samhliða breytingu aðalskipulags er unnið að fyrirspurn um matsskyldu.

Öll efnistaka á þjóðlendu er háð samþykki forsætisráðuneytis.



MYND 1 Staðsetning efnistökusvæðis er innan bláa rammans.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Fyrirhuguð breyting er m.a. til þess ætluð að styðja við áætlaðar framkvæmdir Landsvirkjunar á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu, þar sem reknar eru sjö vatnsaflsvirkjanir og eitt vindorkuver. Með breytingunni kemur Landsvirkjun til með að hafa meira svigrúm fyrir efnistöku vegna núverandi, fyrirhugaðra og áframhaldandi reksturs og framkvæmda við t.d. Vaðöldu, Sigöldu, Sultartanga og/eða Búrfell auk þess sem efnistaka kann að nýtast til annarra framkvæmda. Markmiðið er að afla jarðefna sem uppfylla kröfur sem gerðar eru til efnis fyrir einstaka framkvæmda þætti og rekstur Landsvirkjunar, s.s. steypu í fyllingarefni með rafstrengjum. Um er að ræða bergnámu og hentar efnið einnig vel til stífluvana. Staðsetning á fyrirhuguðu efnistöku svæði kemur til með að lágmarka vegalengdir vegna flutninga á efni og lágmarka þannig kolefnislosun Landsvirkjunar á efnistöku og flutningi jarðefna.

Efnistökusvæðið E122 Ferjufit er staðsett í Rangárþingi ytra, skammt austan Vaðölduvers. Flatarmál núverandi námu er um 2,0 ha Svæðið er staðsett austan við Þjórsá og sunnan við Sultartangalón og Vaðöldu. Svæðið er á þjóðlendu, Landmannaafreitti (L238022), þ.e. óbyggðu svæði í eigu íslenska ríkisins. Aðkoma að svæðinu er frá Þjórsárdalsveg (32) sem er skilgreindur sem stofnvegur skv. vegaskrá Vegagerðarinnar. Svæðið er innan skilgreinds iðnaðarsvæðis og því verður, á þessu stigi mjög lítil umferðaaukning út á þjóðvegakerfið enda verður nýting námunnar að mestu leyti innan iðnaðarsvæðis, gerð verður nánar grein fyrir mögulegri breytingu á umferð við gerð matsfyrirspurnar.

Svæðið er lítt eða ógróið hraun og grjót. Náman er í svokölluðu Búrfellshrauni og er aldur þess um 3200 ár. Samkvæmt vistgerðarkortlagningu NÍ er að finna vistgerðina eyðihraunavist á svæðinu, ásamt minni skógræktarsvæðum. Á svæðinu eru skráðar vistgerðir sem hafa verndargildi samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þar á meðal eru Hélumosavist og Rekjuvist. Báðar vistgerðirnar hafa miðlungs verndargildi en þær eru báðar á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Í Landsskipulagsstefnu er sett fram samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál sem byggir á þeirri framtíðarsýn „að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji við samkeppnishæfni og sveigjanleika og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags og umhverfisbreytingum“.

Í stefnunni eru sett fram markmið um að vernd umhverfis og náttúru skuli stuðla að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Stuðla skal að almennri velsæld samfélagsins og gæðum í hinu byggða umhverfi með jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi. Þá skal skipulag stuðla að samkeppnishæfu atvinnulífi með því að auka samkeppnishæfni samfélags og efla atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

3.2 Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem Efnistöku- og efnislosunarsvæði. E122 er í nálægð við skógræktar- og landgræðslusvæði.

Í kafla 2.3.9 Efnistöku- og efnislosunarsvæði segir að efnistöku- og efnislosunarsvæði, skv. 6.2 gr. Skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, eru „svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómenguð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda “. Eftirfarandi stefna er um efnistöku- og efnislosunarsvæði:


- Lögð er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.
- Efnistaka fer að jafnaði ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruminjaskrá og hverfisverndunarsvæðum.
- Efnistökusvæði skulu hafa framkvæmdaleyfi skv. lögum.
- Áhersla er á góða umgengni á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok.

Gerð er grein fyrir þeim svæðum þar sem efnistaka fer fram eða er fyrirhuguð. Áfram er gert ráð fyrir efnistöku á þeim svæðum sem þegar eru nýtt en einnig á nokkrum nýjum svæðum. Gert er ráð fyrir ríflegum svæðum fyrir efnistöku til þess að hægt sé að nýta þá tegund efnis sem best hentar hverju sinni og til að draga úr því að aka þurfi langar leiðir með efni. Flestar námur í sveitarfélaginu eru nýttar til vegagerðar og eru þær í eða við núverandi vegstæði til að lágmarka umhverfisáhrif.

Námur verða einungis opnar á framkvæmdatíma og gengið frá þeim um leið og efnistöku lýkur. Öll efnistökusvæði skulu hafa framkvæmdarleyfi sbr. reglugerð 772/2012. Þegar efnistökusvæði er valið þarf að líta á jarðefni sem auðlind og nýta efnið til þess sem það er best til fallið.

TAFLA 1. Hluti töflu gildandi aðalskipulags fyrir efnistökusvæði.

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	JÖRD
E122	Ferjufit	Grjótnáma til viðhalds á mannvirkjum á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu. Áætluð efnistaka er allt að 10.000 m ³ . Stærð er allt að 0,5 ha.	Afréttur



MYND 3. Hluti af aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028. Skipulagssvæðið er innan rauða hringsins.

Í kafla 2.3.2 **Skógræktar- og landgræðslusvæði** segir að skógræktar- og landgræðslusvæði, skv. 6.2 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, eru skilgreind sem „svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu“. Eftirfarandi stefna er fyrir skógrækt og landgræðslusvæði:

- Leitast verði við að efla skógrækt, uppgræðslu- og landbótastarf.
- Unnið verði að stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og endurheimt landgæða, þar sem þess þarf.
- Hugað skal að því að trjá- og skógrækt spilli ekki útsýnisstöðum, byrgi ekki ásynd fjalla og fossa eða valdi snjósöfnun á vegum.
- Skipulag skógræktar taki mið af að vernda ásynd og landslag.
- Unnið verði að stöðvun landbrots af völdum fallvatna ef þurfa þykir.

Tafla 2. Hluti töflu gildandi aðalskipulags fyrir skógræktar- og landgræðslusvæði.

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING
SL26	Árskógar	Landgræðslusvæði, stærð svæðis er um 20.763 ha.

Í kafla 2.4.1 **Óbyggð svæði** segir að óbyggð svæði, skv. 6.2 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, eru „svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum“. Hálendissvæði sveitarfélagsins eru að miklu leyti skilgreind sem óbyggð svæði, auk svæða í ofanverðri byggðinni, s.s. eyðibygðir í ofanverðri Landsveit og á Rangárvöllum. Eftirfarandi stefna er um óbyggð svæði:

- Stuðlað verði að verndun og endurheimt gróðurfars.
- Landeigendum verðu áfram tryggður nytja- og beitarréttur á afréttum.
- Bæta öryggi íbúa og ferðamanna.
- Umferð um hálendissvæði verði undir þolmörkum viðkvæmra svæða.


3.3 Vatnaáætlun Íslands

Vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 en markmið þeirra er að vernda allt vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til að vatn njóti heildstæðar verndar. Að auki er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Við skipulagsgerð skal gera grein fyrir mögulegum áhrifum á vatnshlot sem tiltekin framkvæmd og/eða starfsemi getur haft í för með sér. Skýrt þarf að koma fram hvort ástand vatns hnigni eða umhverfismarkmiðum vatnshlotsins sé ekki náð. Sveitarfélagið sem leyfisveitandi getur óskað eftir áhrifamati vatnshlots af hálfu framkvæmdar- og rekstraraðila sé þess talin þörf. Ekki er gefið út leyfi fyrir framkvæmd/starfsemi sem leiðir til þess að umhverfismarkmið vatnshlotsins náist ekki. Gerð

verður grein fyrir áhrifum á vatnshlot í samræmi við leiðbeiningar frá Umhverfisstofnun (umhverfis- og orkustofnun)¹.

Náman er innan grunnvatnshlotsins Tungaárhraun 103-308-G. Flatarmál grunnvatnshlotsins er 1942,1 km². Magnstaða og efnafræðilegt ástands vatnshlotsins eru óþekkt og er ekkert álag skráð á vatnshlotið. Umhverfismarkmið vatnshlotsins eru að magnstaða og efnafræðileg staða þess séu góð.



MYND 4. Útmörk grunnvatnshlotsins *Tungaárhraun*. Fyrirhugað framkvæmdarsvæði er gróflega merkt inn á myndina með rauðu. Myndin er skjáskot úr Vatnavefsjá.

Vatnshlotið er fremur útbreitt og eru ýmsar uppbyggingar og framkvæmdir innan þess. Þar á meðal ýmis efnistökusvæði og virkjanaframkvæmdir. Helsta hættan sem stafar af framkvæmdinni er ef til efnamengunar kemur. Í skipulagsáætlunum og við útgáfu framkvæmdaleyfa verða settir skilmálar um að ekki sé heimilt að geyma olíur eða mengandi efni í námunni. Sé skilmálum fylgt eftir telur framkvæmdaraðili ekki hættu á að vatnshlotinu stafi hættu sökum framkvæmda. Ekki er fyrirhugað að bora eftir neysluvatni eða vera með fráveitu innan efnistökusvæðis. Nánar verður gerð grein fyrir áhrifum á vatnshlot í matskyldufyrirspurn vegna framkvæmdarinnar.

3.4 Þjóðlenda

Stór hluti hálendis Rangárbings ytra er þjóðlenda. Þjóðlendur eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna. Ráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna er samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna. Samkvæmt 3. gr. laganna má enginn hafa afnot af þjóðlendu fyrir sjálfa sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi án leyfis. Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar sem og forsætisráðuneytisins sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs.

¹ [Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot](#)

Einstaklingar, sveitarfélög eða aðrir lögaðilar geta átt svokölluð takmörkuð eignarréttindi innan þjóðlendna. Þjóðlendulög raska ekki slíkum réttindum. Samkvæmt 5. gr. laganna skulu þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendna sem afrétt fyrir búfénað, eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja, halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Afréttur er skv. 1. gr. laganna landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé. Hið sama gildir um önnur réttindi sem menn færa sönnur á að þeir eigi.

Ráðuneytið veitir leyfi fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda og vindorku innan þjóðlenda. Samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlenda óháð tímalengd. Allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins og samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlendna skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998.

3.5 Fornminjar

Aðalskráningu fornleifa í Rangárbíngi ytra er lokið. Engar þekktar minjar eru innan svæðis. Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar eins fljótt og auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar er 15 m skv. 22. gr. laganna.

4 BREYTING AÐALSKIPULAGS

Gerð er breyting á greinargerð gildandi aðalskipulags. Uppdráttur er óbreyttur þar sem náman er undir 5 ha. Gert er ráð fyrir stækkun á núverandi efnistökusvæði E122 við Ferjufit, í allt að 4 ha þar sem heimiluð efnistaka eykst úr 10.000 m³ í allt að 120.000 m³. Heimilað verður að afsetja allt að 80.000 m³ efni í námunni, sem m.a. fellur til við uppgröft við Vaðöldu, efnið má nýta við frágang námu.

4.1 Breyting á greinargerð

Kaflí 2.3.9 í greinargerð – Efnistöku- og efnislosunarsvæði

Texti í töflu um efnistöku- og efnislosunarsvæði verður uppfærður í samræmi við breytta stærð og magn efnistöku. Í greinargerð er texta breytt í töflu 1, í kafla 2.3.9.

Hluti töflu 1. Gildandi greinargerð aðalskipulags fyrir efnistöku- og efnislosunarsvæði:

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	JÖRÐ
E122	Ferjufit	Grjótnáma til viðhalds á mannvirkjum á Þjórsár- og Tungnaáarsvæðinu. Áætluð efnistaka er allt að 10.000 m ³ . Stærð er allt að 0,5 ha.	Afréttur

Hluti töflu 1. Breytt greinargerð:

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	JÖRÐ
E122	Ferjufit	Grjótnáma til uppbyggingar og viðhalds á mannvirkjum á Þjórsár- og Tungnaáarsvæðinu. Áætluð efnistaka er allt að 120.000 m ³ . Stærð er allt að 4,0 ha. Heimilað er að afsetja jarðefni sem til fellur við uppgröft og framkvæmdir innan námu. Efni skal jafnað/nýtt til frágangs námusvæðis. Forðast skal óþarfa rask og ganga skal frá námu jafnóðum, eftir að svæði hafa verið fullnýtt og öllu efnistökusvæði þegar nýtingu lýkur. Samgöngumat skal liggja fyrir áður en framkvæmdaleyfi verður gefið út.	Afréttur

5 UMhverfismatsskýrsla

Breyting aðalskipulags fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum. Lagt er mat á eftirfarandi umhverfisþætti:

Í umhverfismatsskýrslu áætlunar eru áhrif af skipulagsáformum metin. Hafa þarf í huga nákvæmni áætlunar og stöðu hennar á skipulagsstigi. Við breytingu aðalskipulags er óvíst að hægt sé að meta öll umhverfisáhrif með fullnægjandi hætti vegna skorts á fyrirbyggjandi gögnum og/eða upplýsingum. Í slíkum tilfellum er nánar gert grein fyrir ákveðnum umhverfisþáttum á síðari stigum skipulagsvinnu, s.s. við gerð deiliskipulags eða umsókn um framkvæmdar- og/eða starfsleyfi.

TAFLA 3. Umhverfisþættir, umhverfisviðmið og matsspurningar.

UMhverfisþættir	UMhverfisviðmið	MATSSPURNINGAR
Land og landslag <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i> <i>Landnotkun.</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Skipulag stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið. - Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð víðerni og landslagsheildir. <i>Aðalskipulag Rangárpings ytra 2016-2028.</i> - Stuðla að fjölbreyttari landnýtingu í samræmi við landgæði og ástand lands. - Tryggja nægt framboð efnistökusvæða og þau séu í námund við notkunarstað efnis.	Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis? Hefur stefnan áhrif á landslagsheildir? Hefur stefnan áhrif á landnotkun?
Loftslagsmál <i>Kolefnisbinding.</i> <i>Kolefnishlutleysi.</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi. - Skipulag stuðli að orkuskiptum og að orkuauðlindir verði nýttar með sjálfbærum hætti, með það að leiðarljósi að draga úr losun og tryggja orkuöryggi. <i>Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum.</i>	Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið?
Náttúrufar <i>Gróður.</i> <i>Vistkerfi.</i> <i>Jarðvegur.</i> <i>Búsvæði dýra.</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Stuðla skal að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. <i>Aðalskipulag Rangárpings ytra 2016-2028.</i> - Stuðla að gróðurvernd og landgræðslu - Unnið verður að stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og endurheimt landgæða. - Raskist gróið land vegna framkvæmda skal að lágmarki ígildi þess gróðurs sem tapast grætt upp. <i>Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.</i> <i>Vistgerðarkortlagning NÍ.</i> - VOT-S-3 mikilvægt fuglasvæði. <i>Lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.</i>	Hefur stefnan áhrif á gróður, jarðveg og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsetusvæði dýra?

Heilnæmt umhverfi Mengun og hávaði. Vatnsvernd.	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í dreifbýli tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. <i>Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028.</i> - Standa vörð um vernd grunnvatns sem neysluvatns fyrir íbúa og atvinnustarfsemi. - Landgræðsla verði nýtt til bindingar kolefnis. - Í námum innan friðlands, náttúruminjasrá, vatnsverndarsvæðum eða öðrum verndarsvæðum er óheimilt að geyma olíur eða önnur mengandi efni. Vatnaáætlun Íslands 2020-2037. - Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. <i>Reglugerð um hávaða 724/2008.</i> <i>Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.</i> <i>Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.</i>	Er hætt á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins? Hefur stefnan áhrif á vatnshlot?
Samfélag Atvinnulíf. Íbúar. Hagræn áhrif.	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands. <i>Aðalskipulag Rangárbing ytra 2016-2028.</i> - Efla byggð og atvinnulíf og stuðla að fjölbreyttum atvinnutækifærum.	Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri? Hefur stefnan áhrif á íbúa og íbúaþróun? Hefur stefnan áhrif á framboð frístundabygðar?
Náttúru- og menningarminjar Fornminjar.	<i>Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028.</i> - Stuðla að varðveislu sögu, náttúru og menningarminja og annarra umhverfislegra gæða. - Landnotkun stuðli að varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu. <i>Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.</i> <i>Lög um menningarminja nr. 80/2012.</i> <i>Aðalskráning fornminja.</i>	Hefur stefnan áhrif á fornminjar?

5.1 Valkostir og umhverfisáhrif

Stefna í gildandi aðalskipulagi er borin saman við stefnu í breyttu skipulagi.

Breytt skipulag:

Áhrif á land og landslag er neikvæð/óveruleg. Áhrif framkvæmdar á svæðinu eru neikvæð meðan á vinnslu stendur. Sé gengið vel frá svæðinu að lokinni vinnslu og svæðið fært aftur í fyrra horf eins og kostur er, mun framkvæmdin hafa óveruleg áhrif á ásjúnd. Svæðið er á skilgreindri eyðihraunavist og því rýrt.

Áhrif á loftslagsmál eru óveruleg. Öll efnisvinnsla og framkvæmdir auka umferð og aðra vélanotkun, sem þar með eykur t.d. útblástur mengandi efna. Umrædd breyting mun þó hafa jákvæð áhrif þar sem efnisflutningar munu styttest verulega, við byggingu Vaðölduvers. Ef að reynt er að fara eftir orkustefnu og viðeigandi reglugerðum þar sem öll umhverfisáhrif eru lágmarkuð eins og kostur er, er líklegra að um óveruleg áhrif sé að ræða.

Áhrif á náttúrufar er neikvæð/óviss. Áhrif á búsvæði dýra eru óviss, alltaf ónæði af allri starfsemi en þarna er nú þegar námuvinnsla þannig að áhrif stækkunar eru takmörkuð. Áhrif á gróður eru óviss, þar sem svæðið er þegar raskað og því óljóst hversu vel hægt verður að endurheimta gróðurinn eftir að framkvæmdum og frágangi lýkur. Áhrif á lax- og silungsveiði er óviss þar sem að framkvæmdin gæti haft áhrif á vatnafar og lífríki.

Áhrif á heilnæmt umhverfi er óveruleg. Líklegt er að áhrif á hávaða séu nokkur en sé gætt að öryggi starfsmanna, þ.e. varðandi hljóðvist og almennt öryggi á svæðinu er ólíklegt að það hafi mikil áhrif. Áhrif á vatnshlot eru metin óveruleg og ekki líklegt að framkvæmd komi til með að valda að umhverfismarkmiðum þess sé ekki náð.

Áhrif á samfélag er jákvæð. Framkvæmdin hefur jákvæð áhrif á samfélagið þar sem efni úr náminu kemur til með að vera nýtt fyrir starfsemi og rekstur Landsvirkjunar sem miðar að endurbótum og eflingu raforkukerfi landsins, sem skilar aukinni raforku til samfélagsins.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar er óveruleg. Engar þekktar minjar eru innan svæðisins.

Gildandi skipulag:

Áhrif á landnotkun, landslag, loftslagsmál og náttúrufar er jákvæð/óveruleg. Svæðið heldur sér eins og það er, enda voru engar framkvæmdir fyrirhugaðar á þessum hluta iðnaðarsvæðis.

Áhrif á heilnæmt umhverfi og samfélag er óveruleg. Engin breyting. Svæðið heldur sér eins og það er.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar er óveruleg. Engin breyting. Engar þekktar minjar eru innan svæðisins.

5.2 Niðurstaða

Sveitarfélagið styður breytinguna m.a. þar sem víða eru allnokkrar fjarlægðir í góð efnistökusvæði. Hentug efnistökusvæði til grjótvana er æskilegt að nýta sem næst notkunarstað, til að draga úr flutningum. Því hentar staðsetningin vel þar sem hún er í nálægð við nokkrar núverandi virkjanir og stíflumannvirki, sem sparar akstur og flutnings á efni við viðhald þeirra. Raska skal landi sem minnst, þar með talið hraunum utan efnistökusvæðis. Námusvæðið við Ferjufit er þegar skilgreint efnistökusvæði í gilandi aðalskipulagi, og hefur verið í notkun til grjótnáms. Í ljósi þess var mat lagt á að skynsamlegt væri að stækka núverandi efnistökusvæði fremur en að opna nýtt námusvæði annars staðar, þar sem það myndi valda meiri landraski. Varðandi umfang framkvæmdarinnar þykir það fullnægjandi til að mæta fyrirbyggjandi þörfum. Sú útfærsla sem lögð var til, var metin sú vægasta sem jafnframt uppfyllir markmið framkvæmdarinnar.

Framkvæmdin hefur jákvæð áhrif á samfélagið með því að stuðla að uppbyggingu umhverfisvænnar orkuvinnslu.

6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ


Sameiginleg skipulagslýsing var kynnt í október 2025 fyrir stækkun námusvæða á Tungnaáreyrum og í Ferjufiti. Umsagnir bárust frá Fiskistofu, Vegagerðinni, Skipulagsstofnun, Náttúruverndarstofnun og Heilbrigðiseftirliti. Eftir því sem við á hefur verið tekið tillit til umsagna.

6.1 Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar

Óskað er eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Náttúruverndarstofnun
- Umhverfis- og orkustofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin
- Fiskistofa
- Rangárþing ytra
- Forsætisráðuneyti

6.2 Skipulagsferli



6.3 Breyting að lokinni auglýsingu

Á kynningartíma tillögu barst umsögn frá Vegagerðinni um gerð samgöngumats, sem gerð verður grein fyrir í matstilkynningu. Þá var bætt í skilmála að forðast allt óþarfa rask, í samræmi við ábendingar Náttúruverndarstofnunar